

# Reiðleið með vegi innan Þykkvabæjar

## Framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun þessi er miðuð við viðbrögð eiganda Háarima og Hrauks við framkvæmdinni. En ljóst er að hann mun ekki gefa leyfi fyrir því að skurðurinn verði fluttur frá vegi fyrir hans landi. Með hlýðsjón af því þarf að þvera veginn í tvígang, annars vegar að þvera þurfi veginn í Stóra-Rimakoti áður en komið er að Háarima og hins vegar þegar komið er að Hrauki og fara þá aftur yfir veginn yfir í land Unhóls þar sem skurðurinn hefur verið fluttur frá vegi fyrir all löngu síðan. Æskilegast væri að þurfa ekki að þvera veginn en menn eru misþverir.

### 1. áfangi

Grafinn verður nýr skurður frá Þykkvabæjarvegi að Stóra-Rimakoti þ.a skurðurinn sé að lágmarki 15 metra frá miðlínu vegar í stað þriggja metra frá vegkanti. Uppgröfturinn úr nýja skurðinum fer allur ofan í núverandi skurð og hann fylltur. Mól verður komið í yfirborðið þ.a það með tímanum þjappist og verði nýtilegur slóði. Bílplan við Stóra-Rimakot verður flutt innar á lóðina þ.a. hægt sé að ríða utan við bílplanið hindrunarlaust (eða í það minnsta hindrunarlítið).

### 2. áfangi

Koma þarf fyrir merkingum til að beina umferð yfir veginn austan við Rímakot og vara ökumenn við þveruninni. Jafna þarf yfirborð utan vegar með girðingu í Stóra-Rimakoti sunnan vegarins. Þá tekur við óskipt land í sameign nokkurra bæja og þar þarf lítið að gera til að hægt sé að beina umferð af malbikaða veginum. Leyfi hefur fengist hjá eigendum Vatsnkots til að afmarka renning af túninu hjá þeim meðfram vegi og verður sett upp lág girðing til að afmarka tún/reiðleið. Óvíst er að ofaniburð þurfi á þessum kafla þar sem um gamalt og gróið tún er að ræða.

### 3. áfangi

Framlengja þarf eitt ræsi við afleggjarann heim að Unhól og koma fyrir merkingum sem beinir umferð hrossa yfir veginn og varar ökumenn við. Jafna þar yfirborð meðfram veginum norðan vegar og hugsanlega bæta efni þar í. Hugsanlega þarf að framlengja annað ræsi við gatnamótin Borg/Bali, í það minnsta koma fyrir merkingu sem tryggir að ríðandi umferð fari upp á veginn en ekki ofan í skurðinn.

### 4. áfangi

Þessi áfangi er háður því að fjármagn dugi til verksins. Flytja þarf skurð frá gatnamótunum að Borg (meðfram malbikinu) og koma ofaniburði í núverandi skurðstæði (samsvarandi og gert verður frá gatnamótum Þykkvabæjarveggar að Stóra-Rimakoti). Skipta þarf um hlið við hliðina á ristahliðinu við Suður-Nýjabæ þ.a það verði ekki til trafala fyrir meginþunga hrossaumferðar sem áfram verður beint fram á Gljána (þ.e. setja járnhlið á lómum í stað þess sem nú er gert úr girðingarneti). Yfirfara þarf hvort hægt sé að beina ríðandi umferð út fyrir veg austan vegarins frá gatnamótunum að Suður-Nýjabæ eða hvort vegstæðið sé of þröngt þar.